

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 18. júní 2026.

Mál nr. 398/2025:

Íslenska ríkið

(Soffía Jónsdóttir lögmaður)

gegn

A

(Reimar Pétursson lögmaður)

Lykilorð

Miskabætur. Opinber starfsmaður. Persónuvernd.

Útdráttur

A var áminntur vegna hegðunar gagnvart undirmanni sínum og samhliða því færður til í starfi. A krafðist ógildingar ákvörðunar um breytingu á störfum og verksviði og miskabóta vegna þeirrar ákvörðunar. Í málinu var um það deilt hvort að ákvörðunin um breytingar á störfum og verksviði A hafi verið ólögmet og valdið A miska þannig að bótaskyldu varðaði, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í hinum áfrýjaða dómi, sem Landsréttur staðfesti, var talið að ákvörðunin hafi ekki verið reist á málefnalegum sjónarmiðum, sem er skilyrði lögmetis ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Af gögnum málsins og málatilbúnaði aðila mætti m.a. ráða að mögulegt hefði verið að láta A sinna sams konar störfum og hann hafði áður með höndum, án þess að gegna stöðu yfirmanns gagnvart viðkomandi undirmanni. Í dómi Landsréttar var því talið að ákvörðun lögreglustjóra hafi verið meira íþyngjandi en nauðsyn bar til og þannig brotið í bága við meðalhófsreglu. Var því fallist á ógildingarkröfu stefnda og kröfu hans um miskabætur af þeim sökum. Þá staðfesti Landsréttur jafnframt niðurstöðu héraðsdóms um að A ætti rétt á miskabótum vegna afhendingar á skýrslu sálfræðistofu sem innihélt viðkvæmar persónuupplýsingar um A.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Eyvindur G. Gunnarsson og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 27. maí 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] apríl 2025 í málinu nr. E-[...]/2024.
- Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti en til vara að dæmdar miskabætur verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi mun stefndi hafa unnið lögreglustörf frá árinu [...]. Hann var skipaður [yfirmaður hjá lögreglunni] við embætti lögreglustjórans á [...] frá og með 1. júlí 2015. Stefndi átti um skamma hríð í nánu sambandi við undirmann sinn, starfsmann í þeirri deild eða einingu sem hann stýrði, en sambandi þeirra mun hafa lokið fyrir áramótin 2023. Í kjölfarið fundaði umræddur starfsmaður með mannauðsstjóra embættisins 10. janúar 2023 og lagði síðar fram kvörtun vegna háttsemi stefnda 8. mars 2023. Sálfræði- og ráðgjafarstofu var af þessu tilefni falið að gera úttekt á kvörtun um áreitni og ofbeldi af hálfu stefnda og skilaði hún skýrslu sinni 30. maí 2023. Þar var meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að kvartandi hefði ítrekað orðið fyrir áreitni af hálfu stefnda. Eins hefði stefndi í nánar tilgreindum tilvikum viðhaft háttsemi, sérstaklega þegar tilvikin væru skoðuð í samhengi, sem fella mætti undir skilgreiningu ofbeldis eins og því væri lýst í reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustað. Stefnda og kvartanda voru afhent eintök úttektarinnar og veittur frestur til andmæla, sem þau komu hvort um sig á framfæri með bréfum 11. og 14. júní 2023. Með bréfi lögreglustjóra 4. júlí 2023 var vinnuframlag stefnda afþakkað á meðan kvörtunin væri til meðferðar hjá embættinu. Í minnisblaði lögreglustjóra 31. júlí 2023 var tekið saman sjálfstætt mat embættisins á fyrrnefndri úttekt sálfræði- og ráðgjafarstofunnar. Þar kom fram það álit lögreglustjóra að samanlögð áhrif nánar tilgreindra atvika og hegðunar stefnda féllu undir skilgreiningu á ofbeldi samkvæmt e-lið 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 en hins vegar væri það mat embættisins sem slíks að háttsemin félli ekki undir áreitni samkvæmt sömu reglugerð. Þá kom fram í minnisblaðinu að ekki væri hægt að meta réttmæti þeirrar gagnrýni, sem fram kæmi í áðurnefndri skýrslu sálfræði- og ráðgjafarstofunnar, að í viðtölum við aðra starfsmenn embættisins hefðu komið fram vísbendingar um neikvæða stjórnunarhætti stefnda. Í ágúst sama ár óskaði embættið eftir úttekt mannauðs- og ráðgjafarfyrirtækisins á stjórnunarháttum, samskiptum og samvinnu í þeirri deild sem stefndi stýrði, en í úttekt, sem skilað var 19. september 2023, kom meðal annars fram að stefndi hefði náð góðum árangri með sína deild. Hann byggi yfir styrkleikum sem nýttust vel í starfi en af samtölum við samstarfsmenn mætti ráða að stjórnunarháttum hans og samskiptamáta væri ábótavant.
- 5 Með bréfi lögreglustjórans á [...] 21. september 2023 var stefnda tilkynnt um fyrirhugaða áminningu samkvæmt 21. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins vegna hegðunar utan og innan starfs hans hjá embættinu sem telja mætti ósæmilega, óhæfilega og ósamrýmanlega starfinu og til þess fallna að rýra það traust sem starfsmenn lögreglu yrðu almennt að njóta, sbr. 14. og 15. gr. sömu laga. Með bréfi lögreglustjóra sama dag var stefnda tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á störfum hans og verksviði frá og með 3. október 2023. Þar kom fram að í stað þess að fara með stjórn „[deild]“ fælust starfsskyldur stefnda einkum í því að [...]. Um

fyrirhugaða breytingu var vísað til þess að stefndi væri skipaður [yfirmaður hjá lögreglunni], auk 19. gr. laga nr. 70/1996, en fyrirhuguð breyting hefði engin áhrif á launakjör hans og réttindi. Stefnda var gefinn kostur á að tjá sig um hinar fyrirhuguðu ákvarðanir. Með bréfi 7. október 2023 andmælti stefndi bæði áformum um áminningu og breytingu á störfum og verksviði hans. Í samræmi við boðuð áform sín tók lögreglustjóri 16. október 2023 ákvörðun um að áminna stefnda og breyta störfum og verksviði hans frá og með 12. október sama ár. Stefndi óskaði 17. október 2023 eftir rökstuðningi lögreglustjóra fyrir ákvörðun um breytingu á störfum og verksviði hans.

- 6 Í rökstuðningi lögreglustjóra 1. desember 2023 kom meðal annars fram að þau verkefni sem stefnda hefðu verið falin væru mikilvæg og nauðsynlegt að reynslumikill einstaklingur sinni þeim, en auk þess yrði ekki fram hjá því litið að stefnda hefði verið veitt áminning vegna hegðunar og háttsemi sem samrýmdist hvorki starfi hans sem [yfirmaður hjá lögreglunni] né skyldum sem stjórnanda samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 70/1996 og siðareglum lögreglu. Í rökstuðningi greindi svo nánar í hverju heimildir stjórnenda ríkisstofnana til að fara með stjórnun og starfsmannamál hlutaðeigandi stofnunar fælust. Breytingar á verksviði teldust ákvarðanir um innra skipulag stofnunar en ekki stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Breyting á verkefnum stefnda rúmaðist innan 19. gr. laga nr. 70/1996, væri í samræmi við stjórnunarrétt forstöðumanns, byggð á málefnalegum sjónarmiðum og hvorki gengið lengra né verið meira íþyngjandi en efni hefðu staðið til.
- 7 Stefndi höfðaði mál þetta á hendur áfrýjanda 12. júlí 2024. Með hinum áfrýjaða dómi var fallist á kröfur stefnda um að ógilt yrði ákvörðun lögreglustjóra 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði stefnda, svo og um greiðslu miskabóta.
- 8 Um málsatvik og málsástæður aðila er öðru leyti vísað til hins áfrýjaða dóms.

Niðurstaða

- 9 Í málinu er um það deilt hvort ákvörðun lögreglustjórans á [...] 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði stefnda, sem er [yfirmaður hjá lögreglunni], hafi verið lögmæt í skilningi 19. gr. laga nr. 70/1996 og hvort stefndi eigi af þeim sökum rétt til miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Enn fremur er um það deilt hvort lögreglustjóri hafi brotið gegn lögum með því að afhenda undirmanni stefnda úttekt sálfræði- og ráðgjafarstofu, sem óskað var eftir vegna kvörtunar um áreitni og ofbeldi af hans hálfu, og þannig valdið stefnda miska.
- 10 Í 19. gr. laga nr. 70/1996 kemur fram að starfsmanni sé skylt að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Í réttarframkvæmd hefur verið viðurkennt að forstöðumaður ríkisstofnunar hafi heimild til að breyta störfum og verksviði ríkisstarfsmanns og sé það komið undir mati hans hvort tilefni sé til slíkra breytinga. Þær verður þó að reisa á málefnalegum sjónarmiðum og mega ekki vera

meira íþyngjandi fyrir starfsmann en nauðsyn ber til, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 4. maí 2005 í máli nr. 475/2004 og 11. október 2018 í máli nr. 827/2017.

- 11 Eins og áður greinir rökstuddi lögreglustjóri í bréfi 1. desember 2023 ákvörðun um breytingu á verkefnum stefnda svo að verkefnin væru mikilvæg og nauðsyn bæri til að reyndur maður sinni þeim. Þá yrði ekki fram hjá því litið að stefnda hefði verið veitt áminning vegna hegðunar og háttsemi sem hvorki samrýmdist starfi hans sem [yfirmaður hjá lögreglunni] né skyldum sem stjórnanda samkvæmt lögum og siðareglum. Fallist er á með héraðsdómi að ákvörðun um breytingar á störfum stefnda hafi ekki verið reist á öðrum atriðum, sem varða stefnda, en þeim sem leiddu til áminningar hans. Er þá meðal annars til þess að líta að í minnisblaði lögreglustjóra 31. júlí 2023 var lagt til grundvallar, eins og áður er rakið, að ekki væri hægt að meta réttmæti gagnrýni sem tengdist neikvæðum stjórnunarháttum stefnda.
- 12 Samkvæmt skipunarbréfi stefnda 30. júní 2015 til þess að vera [yfirmaður hjá lögreglunni] við embætti lögreglustjórans á [...] var um skipun hans meðal annars vísað til [...] reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar, en þar segir [...]. Í [...] reglugerðarinnar er fjallað um [yfirmann hjá lögreglunni]. [...] Þar kemur fram að [...]. Um verksvið og ábyrgð [yfirmanns hjá lögreglunni] segir að [...].
- 13 Svo sem rakið er í héraðsdómi kom fram í skýrslu stefnda í héraði, skýrslu lögreglustjóra og fyrrverandi yfirlögregluþjóns við embætti lögreglustjóra, að fyrir ákvörðunina hefði stefndi haft mannaforráð og verið yfirmaður rúmlega [...] einstaklinga en eftir hana ekki haft nein slík forráð. Þá hefði hann áður haft tiltekna [...] sem [yfirmaður hjá lögreglunni] en eftir ákvörðunina engar slíkar heimildir. Þá kom fram í skýrslu stefnda og fyrrverandi yfirlögregluþjóns að stefndi hefði eftir ákvörðunina sinnt [...]. Enn fremur greindi stefndi frá því að hann hefði bent stjórnendum á að hann hefði lítil sem engin verkefni með höndum.
- 14 Áður er rakið í hverju starf stefnda sem [yfirmaður hjá lögreglunni] fólst áður en breytingar voru gerðar á starfi hans. Í kjölfar umræddra breytinga hafði hann engin mannaforráð og fór ekki lengur með stjórn á deildum, auk þess sem hann hafði engar [...] með höndum, svo sem ráð er fyrir gert í [...] gr. reglugerðar nr. 1051/2006 sem að framan er rakin. Ekki hefur þýðingu, eins og áfrýjandi vísar til, að dæmi séu um að [yfirmaður hjá lögreglunni] fari ekki með þær heimildir sem getið er í áður nefndu reglugerðarákvæði. Einnig verður að leggja til grundvallar, með hliðsjón af gögnum málsins og framburði stefnda og vitna í héraði, að lögreglustjóra hafi verið unnt að fela stefnda sambærileg störf og hann áður hafði sinnt án þess að stefndi væri áfram yfirmaður þess sem kvartaði undan háttsemi hans, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 18. september 2007 í máli nr. 430/2007. Þegar það er virt sem hér hefur verið rakið verður að fallast á með stefnda að ákvörðun lögreglustjóra hafi verið meira íþyngjandi en nauðsyn bar til og þannig brotið í bága við meðalhófsreglu.

- 15 Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um að skilyrðum sé fullnægt til að fallast á kröfu stefnda um ógildingu ákvörðunar lögreglustjórans á [...] 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði stefnda.
- 16 Í hinum áfrýjaða dómi var ákvörðun lögreglustjóra um breytingu á störfum og verksviði stefnda talin hafa verið andstæð lögum og valdið honum miska svo bótaskyldu varðaði, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Einnig var fallist á kröfu um miskabætur úr hendi áfrýjanda vegna meðferðar á fyrrnefndri úttekt sálfræði- og ráðgjafarstofu, sem brotið hafi gegn 11. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. og 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, en afrit úttektafritarinnar var afhent undirmanni stefnda og síðar fjallað um hana í fjölmiðlum. Héraðsdómur ákvarðaði stefnda bætur fyrir ófjárhagslegt tjón sem þóttu í ljósi atvika málsins hæfilega ákvarðaðar samtals 2.000.000 króna.
- 17 Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans að stefndi eigi rétt á greiðslu miskabóta úr hendi áfrýjanda, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, vegna framangreindrar ákvörðunar lögreglustjóra.
- 18 Kemur þá til skoðunar hvort stefndi eigi jafnframt rétt til miskabóta vegna meðferðar á úttekt sálfræði- og ráðgjafarstofunnar. Áfrýjandi hefur í málatilbúnaði sínum fyrir Landsrétti vísað til þess að lögreglustjóra hafi verið skylt að afhenda undirmanni stefnda afrit af fyrrnefndri úttekt. Hafi kvörtunin markað upphaf stjórnssýslumáls þar sem stefndi og undirmaður hans voru aðilar máls. Embættinu hafi verið skylt að bregðast við ábendingu um einelti og ofbeldi og afla ráðgjafar utanaðkomandi aðila ef með þurfti samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 en aðilar hafi báðir notið andmælaréttar, sbr. til dæmis 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar.
- 19 Um framangreint er þess að gæta að annars vegar var um að ræða mál vegna kvörtunar undirmanns stefnda til yfirstjórnar embættisins sökum áreitni, sem hún taldi sig hafa orðið fyrir af hálfu stefnda, en við þessar aðstæður bar lögreglustjóra sem yfirmanni stefnda að grípa til aðgerða, svo sem nánar greinir í 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 1009/2015, sem sett var með stoð í lögum nr. 46/1980. Hins vegar var í framhaldinu um að ræða starfsmannamál þar sem ákveðið var hvaða afleiðingar brot stefnda skyldu hafa fyrir hann en undirmaður stefnda, sem kvartaði undan háttsemi hans, var ekki aðili að því máli. Þó að málin eigi bæði rót að rekja til sömu atvika er munur á eðli málanna og tilgangi reglna, sem um hvort þeirra gilda, þannig að ekki verður talið um sama málið að ræða. Fyrri málinu lauk ekki með stjórnvaldsákvörðun eins og síðara málinu þegar stefndi hlaut áminningu samkvæmt 21. gr. laga nr. 70/1996 og starfi hans og verkefnum var breytt samkvæmt því sem áður er rakið.
- 20 Hvað varðar fyrri málið, sem hófst með kvörtun undirmanns stefnda og laut ákvæðum reglugerðar nr. 1009/2015, er fallist er á með héraðsdómi að afhending skýrslu sálfræði- og ráðgjafarstofunnar til undirmannsins hafi ekki getað byggst á 15. gr. stjórnssýslulaga þar sem gildissvið laganna takmarkast við stjórnvaldsákvörðanir, sbr.

2. mgr. 1. gr. laganna. Á hinn bóginn er til þess að líta að í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 kemur meðal annars fram að hlutaðeigandi starfsmönnum skuli gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Jafnframt segir í 5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar að atvinnurekandi skuli skrá niður allt sem tengist meðferð máls og halda hlutaðeigandi starfsmönnum, sem og vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins, upplýstum meðan á meðferðinni stendur, meðal annars með því að veita þeim aðgang að öllum upplýsingum og gögnum í málinu, að teknu tilliti til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Af þeim ákvæðum sem hér hafa verið rakin verður dregin sú ályktun að heimilt hafi verið að veita undirmanni stefnda, sem kvartað hafði undan háttsemi hans, aðgang að upplýsingum og gögnum málsins sem hrundið var af stað í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1009/2015. Á hinn bóginn sætir réttur kvartanda til aðgangs að upplýsingum takmörkunum sem leiða af lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga vegna hagsmuna annarra.

- 21 Samkvæmt framansögðu verður staðfest sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms að lögreglustjóri hafi brotið gegn 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Hafi viðrhlutaminni ráðstafanir verið tækar, til dæmis að veita kvartanda aðgang að úttektinni án þess að afhenda afrit, en þannig hafi háttsemin einnig verið andstæð 27. gr. laga nr. 90/2018 og 32. gr. reglugerðarinnar. Enn fremur að í fyrirbyggjandi samhengi vísi þau þagnarskylduákvæði laga, sem stefndi byggði meðal annars á, til laga nr. 90/2018 sem eigi við um þennan þátt sakarefnisins.
- 22 Að framansögðu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sú niðurstaða hans að stefndi hafi orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni vegna afhendingar á fyrrgreindri úttekt sálfræði- og ráðgjafarstofunnar.
- 23 Samkvæmt öllu framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.
- 24 Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Landsrétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, íslenska ríkið, greiði stefnda, A, 1.500.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur [...] apríl 2025

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl 2025, var höfðað 12. júlí 2024 af A, [...], gegn íslenska ríkinu, Borgartúni 26 í Reykjavík og Arnarhvoli við Lindargötu í Reykjavík.
2. Stefndandi krefst þess að ógilt verði ákvörðun lögreglustjórans á [...] frá 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði stefnanda. Þá krefst stefndandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda

10.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. október 2023 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Að auki krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

3. Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Til vara krefst stefndi stórfelldrar lækkunar á miskabótakröfu stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Helstu málsatvik

A

4. Samkvæmt gögnum málsins hefur stefnandi sinnt lögreglustörfum frá árinu [...]. Hinn 4. júní 2014 var stefnandi settur í embætti [yfirmanns hjá lögreglunni] við embætti lögreglustjórans á [...] til reynslu í eitt ár frá og með 1. júlí 2014. Hinn 30. júní 2015 var hann skipaður [yfirmaður hjá lögreglunni] við sama embætti til fimm ára frá 1. júlí s.á.
5. Stefndi mun frá 1. desember 2017 hafa sinnt störfum sem [yfirmaður hjá lögreglunni] í [deild] hjá embætti lögreglustjórans á [...], [...], þar til lögreglustjórinn á [...] tók ákvörðun um breytingu á störfum og verksviði hans 16. október 2023, svo sem nánar verður rakið.
6. Fyrir liggur að stefnandi átti í ástarsambandi við B, rannsóknarlögreglumann hjá lögreglunni á [...], sem hófst nálægt mánaðamótum október/nóvember 2022 og stóð um skamma hríð og lauk fyrir áramót 2022/2023. Fram kemur í minnisblaði embættis lögreglustjórans á [...] 31. júlí 2023 að B hafi leitað til C yfirlögregluþjóns 27. desember 2022 og kvartað yfir óþægilegri hegðun af hálfu stefnanda. Þau hafi átt í ástarsambandi en stefnandi farið yfir hennar mörk og valdið henni vanlíðan. Í lok fundarins mun hafa verið ákveðið að B færi í tímabundið launað leyfi. Sama dag mun stefnandi hafa farið á fund lögreglustjórans og C og upplýst um ástarsamband sitt og B. Þá mun B hafa leitað til D, mannauðsstjóra lögreglustjórans á [...], 10. janúar 2023 til að ræða framferði stefnanda gagnvart henni. Kvaðst hún vilja fara óformlega leið með málið og þáði boð um svonefnt speglunarsamtal hjá sálfræði- og ráðgjafarstofunni E. Mannauðsstjórinn hitti samkvæmt gögnum málsins stefnanda 11. janúar 2023 þar sem rætt var um samskiptamáta við B og munu þau í kjölfarið reglulega hafa rætt sín á milli um málið frá þeim degi og til 1. febrúar s.á. D hitti B aftur þann dag sem sagðist þá vilja leysa málið með óformlegum hætti og ræddu B og stefnandi þá saman. Munu þau hafa sammælt um að leggja spilin á borðið og geta unnið saman áfram.
7. Hinn 8. mars 2023 sendi B tölvubréf til D og C þar sem hún tilkynnti formlega áreitni af hálfu stefnanda. Óskaði hún eftir því að málið yrði tekið alvarlega og að brugðist yrði hratt við. Málið hefði haft gífurleg áhrif á líðan hennar í vinnunni og utan hennar. Hún gæti ekki mætt til starfa meðan stefnandi væri á svæðinu. [...].
8. Samkvæmt skráningu D átti hún fund 9. mars 2023 með stefnanda og C þar sem upplýst var um framkomna kvörtun B. Mun stefnandi á fundinum hafa verið upplýstur um að B hefði kvartað undan ítrekuðum skilaboðasendingum stefnanda þótt hún hefði sérstaklega beðið hann um að senda sér ekki skilaboð. Þar sem málið væri viðkvæmt og fjarlægð milli aðila lítil hafi D lagt til að E yrði fengið til að rannsaka málið fyrir embætti lögreglustjórans á [...] og hafi allir viðstaddir verið sammála um það. Orðrétt segir í skráningu D: „Þá fór [D] yfir það hvernig svona rannsókn fer fram hjá E til að upplýsa aðila.“ Þá munu fundarmenn jafnframt hafa sammælt um að ekki gengi að stefnandi væri yfirmaður B meðan málið væri til rannsóknar. Þannig myndi C fara með beinum hætti með stjórn tiltekinnar einingar [...] hjá embættinu á þeim tíma.
9. Hinn 9. mars 2023 óskaði embætti lögreglustjórans á [...] eftir athugun E vegna kvörtunar B undan hegðun stefnanda. Hinn 30. maí s.á. lá fyrir úttekt fyrirtækisins þar sem fram kom að B hefði ítrekað orðið fyrir áreitni af hálfu stefnanda þar sem hún hefði upplifað mikla vanlíðan. Í niðurstöðum úttektarinnar kom m.a. fram að í tíu tilvikum af tólf sem sættu skoðun hefði stefnandi viðhaft háttsemi sem fella mætti, sérstaklega þegar þau væru skoðuð í samhengi, undir skilgreiningu ofbeldis eins og því sé lýst í reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Hegðun stefnanda gagnvart B hefði falið í sér áreitni og ofbeldi, en atvikin sem fjallað var um í úttektinni lutu m.a. að óboðinni heimsókn stefnanda heim til B og skilaboðasendingum hans til hennar. Úttektin var afhent stefnanda og B 6. júní s.á. til yfirlestrar og andmæla. Lagði B fram andmæli við henni 11. s.m. og stefnandi 14. s.m.

10. Lögreglustjórinn á [...] tilkynnti héraðssaksóknara um hugsanlega refsiverða háttsemi stefnanda 8. júní 2023 og með tilkynningunni fylgdi fyrrgreind úttekt og greinargerð B. Hinn 13. s.m. upplýsti héraðssaksóknari stefnanda um að eftir yfirferð gagna væri það mat hans að ekki væru efni til að hefja rannsókn málsins og því væri vísað frá með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
11. Af gögnum málsins má ráða að stefnandi hafi farið í veikindaleyfi 10. mars 2023. Samkvæmt læknisvottorði trúnaðarlæknis lögreglustjórans á [...] 3. júlí s.á. hafði hann þá náð fullri starfshæfni miðað við fyrra starfshlutfall. Daginn eftir, 4. s.m., sendi lögreglustjórinn á [...] bréf til stefnanda þar sem vinnuframlag hans var afþakkað meðan kvörtun B væri til meðferðar hjá embættinu.
12. Fyrir liggur minnisblað lögreglustjórans á [...] 31. júlí 2023 þar sem samkvæmt heiti þess er lagt sjálfstætt mat á úttekt E um athugun á kvörtun starfsmanns um áreitni og ofbeldi og önnur tilvik því tengdu, m.a. í ljósi athugasemda stefnanda og B. Í niðurstöðukafla þess segir að eftir yfirferð fyrirliggjandi gagna og þegar málið sé virt í heild væri það mat embættisins að samanlögð áhrif tíu nánar tilgreindra atvika og hegðunar stefnanda, m.a. hljóðritunar samtals við B og áhrifa á framgang hennar í starfi, féllu undir skilgreiningu á ofbeldi samkvæmt e-lið 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015. Hins vegar væri það mat embættisins að háttsemin félli ekki undir áreitni samkvæmt reglugerðinni. Horfa yrði til aðstöðumunar aðila, bæði aldursmunar og þess að stefnandi hefði gegnt stöðu yfirmanns B en ríkari kröfur séu gerðar til stjórnenda hjá lögreglu en annarra. Framkomin kvörtun og hegðun og háttsemi stefnanda væri til þess fallin að rýra það traust sem starfsmenn lögreglu yrðu að njóta, sbr. m.a. IV. kafla laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Segir í niðurlagi minnisblaðsins að hegðun stefnanda hafi hvorki samrýmst starfi hans sem [yfirmaður hjá lögreglunni], skyldum hans sem stjórnanda samkvæmt lögum nr. 90/1996, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum né þeim réttindum og skyldum sem hvíli á opinberum starfsmönnum samkvæmt lögum nr. 70/1996 og síðareglum lögreglu. Þá hafi háttsemin farið í bága við yfirlýsta stefnu lögreglustjórans á [...] um virðingu í samskiptum og vinnuumhverfi sem eigi að vera laust við áreitni og ofbeldi af öllu tagi.
13. Þá liggur fyrir úttekt mannauðs- og ráðgjafarfyrirtækisins F fyrir lögregluna á [...] 19. september 2023. Markmið hennar var að leggja mat á stjórnun og stjórnarhætti í einingu [...] innan [...] deildar lögreglunnar á [...]. Sérstök áhersla hafi verið lögð á stjórnun stefnanda sem fór þá fyrir umræddri einingu. Af úttektinni má ráða að rætt hafi verið við stefnanda og tiltekið samstarfsfólk hans. Í henni kemur m.a. fram að stefnandi hafi náð góðum árangri með sína deild hjá embætti lögreglustjórans á [...] og búi yfir styrkleikum sem nýtist í starfi en af samtölum við samstarfsmenn megi ráða að stjórnunarháttum hans og samskiptamáta sé ábótavant.
14. Hinn 21. september 2023 var stefnanda afhent bréf lögreglustjórans á [...] um fyrirhugaða áminningu, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996. Tilefni ráðgerðrar áminningar væri það að stefnandi hefði farið yfir mörk gagnvart undirmanni sínum á eftir og meðan á ástarsambandi þeirra hefði staðið. Jafnframt ómálefnaleg fyrirgjöf varðandi undirmanninn, m.a. þar sem stefnandi hafi freistað þess að halda henni áfram í vinnu með vilýrði um launahækkun. Að auki sú háttsemi stefnanda að hljóðrita samtali við undirmann á vinnustað án vitneskju þess síðarnefnda. Enn fremur að stefnandi hefði ekki fylgt skýrum fyrirráðum frá fundi 27. desember 2022 og í kjölfarið um að eiga ekki í samskiptum við undirmanninn nema það væri nauðsynlegt og tengt vinnu. Taldi lögreglustjórinn á [...] að umrædd háttsemi væri ósamrýmanleg starfi stefnanda sem [yfirmaður hjá lögreglunni], sbr. m.a. 8. gr. reglugerðar nr. 1009/2015, 23. gr. laga nr. 46/1980, 13. og 28. gr. a laga nr. 90/1996 og 14., 15. og 21. gr. laga nr. 70/1996. Fékk stefnandi frest til þess að skila inn andmælum vegna fyrirhugaðrar áminningar til 26. s.m. Í bréfinu var og m.a. vísað til minnisblaðs embættisins um málið frá 31. júlí s.á. svo og úttektar E 30. maí s.á.

15. Hinn 21. september 2023 var stefnanda jafnframt afhent bréf lögreglustjórans á [...] um fyrirhugaða breytingu á störfum og verksviði. Sagði m.a. í bréfinu að ráðgert væri að frá og með 3. október s.á. myndu starfsskyldur stefnanda fyrst og fremst felast í [...] og annarra verkefna sem krefðust sérþekkingar hans, í stað þess að fela í sér stjórn [...]deildar [...]. Hin fyrirhugaða breyting væri gerð með vísan til skipunar stefnanda sem [yfirmaður hjá lögreglunni] 1. júlí 2015, sbr. 19. gr. laga nr. 70/1996. Fyrirhuguð breyting myndi ekki hafa áhrif á launakjör stefnanda og réttindi. Stefnandi fékk frest til þess að skila inn andmælum um fyrirhugaða breytingu til og með 27. s.m.
16. Stefnandi sendi lögreglustjóranum á [...] bréf 7. október 2023 þar sem hann andmælti fyrirhugaðri áminningu svo og fyrirhugaðri breytingu á störfum og verksviði hans.
17. Hinn 16. október 2023 voru stefnanda afhentar á fundi tvær ákvarðanir lögreglustjórans á [...], annars vegar um áminningu stefnanda samkvæmt 21. gr. laga nr. 70/1996 og hins vegar um breytingu á störfum og verksviði hans samkvæmt 19. gr. sömu laga. Efnislega kom það sama fram í umræddum ákvörðunum og reifað hafði verið í bréfum lögreglustjórans um fyrirhugaðar ákvarðanir 21. september s.á., að öðru leyti en því að breytingar á störfum og verksviði stefnanda voru ákveðnar frá og með 12. október s.á.
18. Hinn 17. október 2023 óskaði stefnandi eftir rökstuðningi embættis lögreglustjórans á [...] fyrir ákvörðun um breytingu á störfum og verksviði hans. Lögreglustjórinn á [...] veitti stefnanda rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun 1. desember s.á. Þar kom m.a. fram að þau verkefni sem stefnanda hefðu með ákvörðun embættisins 16. október s.á. verið falin væru mikilvæg og sem nauðsynlegt væri að reynslumikill einstaklingur sinnti. Auk þess yrði ekki fram hjá því litið að stefnanda hefði verið veitt áminning vegna hegðunar og háttsemi sem samrýmdist hvorki starfi hans sem [yfirmaður hjá lögreglunni] né skyldum sem stjórnanda samkvæmt lögum nr. 90/1996, lögum nr. 46/1980, lögum nr. 70/1996 og siðareglum lögreglu. Stjórnendur ríkisstofnana hafi almennt ríkar heimildir til að fara með stjórnun og starfsmannamál hlutaðeigandi stofnunar. Heimildir í þeim efnum byggist fyrst og fremst á ákvæðum laga nr. 70/1996 og hinni óskráðu meginreglu vinnuréttarins um stjórnunarrétt vinnuveitanda. Í þeim stjórnunarrétti felist valdheimildir til að stýra starfsemi innan þeirra marka sem lög og samningar setji. Í þessu felist að stjórnendum stofnana sé heimilt að taka ákvarðanir um skipulag vinnunnar, svo sem hvaða verk skuli unnin, hver skuli vinna þau, með hvaða hætti, hvenær og hvar. Ákvarðanir sem teknar séu um störf og verksvið einstakra starfsmanna rúmist jafnan innan þeirra heimilda. Vísaði lögreglustjórinn á [...] til þess að í 19. gr. laga nr. 70/1996 væri kveðið á um skyldu starfsmanns til að hlíta breytingum á störfum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Stjórnendur hefðu því töluvert svigrúm til að breyta einhliða verkefnum starfsmanns án þess að nauðsynlegt væri að segja ráðningarsamningi upp. Starfsmaður gæti þannig ekki vænst þess að eðli og inntak þeirra verka sem honum væru falin héldust með öllu óbreytt út starfstíma hans. Forsendur verksviða hans gætu breyst. Breytingar á verksviði teljist til ákvarðana um innra skipulag stofnunar en ekki til stjórnvaldsákvarðana í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Teldi embættið því að breyting á verkefnum stefnanda rúmaðist innan 19. gr. laga nr. 70/1996, væri í samræmi við stjórnunarrétt forstöðumanna embættisins, byggð á málefnalegum sjónarmiðum og hvorki gengið lengra né verið meira íþyngjandi en efni hefðu staðið til.
19. Hinn 23. apríl 2024 mun hafa farið fram fundur sem stefnandi, D og C sátu. Mun stefnanda þar hafa verið tjáð að tiltekinn starfsmaður embættis lögreglustjórans á [...] myndi áfram gegna stöðu yfirmanns í þeirri deild sem stefnandi hafði áður veitt forstöðu.
20. Í kjölfarið sendi stefnandi tölvubréf til lögreglustjórans á [...] 26. s.m. þar sem hann mótmælti þeirri ákvörðun að svipta hann öllum möguleikum sem kveðið sé á um í lögum nr. 70/1996 um að bæta úr eigin málum. Í stað þess að viðhafa jafnræði, meðalhóf og sanngirni virtist stefnan vera að beita alls kyns ráðum til að niðurlægja hann, brjóta hann niður og brjóta á honum, byggt á einhliða ákvörðunum stjórnenda. Krafðist stefnandi þess að ákvörðunin yrði endurskoðuð og leitað yrði annarra lausna sem hentaði öllum aðilum.
21. Lögreglustjórinn á [...] svaraði tölvubréfi stefnanda samdægurs. Í svartölvubréfinu kom fram að í tilkynningu um breytingu á starfi stefnanda hefði hvorki verið kveðið á um að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða né það verið rætt á fundum. Um hafi verið að ræða varanlegar breytingar. Lögreglustjórinn

hafi hins vegar alltaf sagt að málið þyrfti ekki að þýða endalok stefnanda sem stjórnanda innan lögreglunnar en það yrði tíminn að leiða í ljós.

22. Samkvæmt gögnum málsins mun stefnandi hafa farið í veikindaleyfi 29. ágúst 2024. Í tölvubréfi hans þann dag til D tiltók hann að framkoma æðstu stjórnenda hefði valdið honum miklum þjáningum og vanlíðan og væri nú svo komið að hann treysti sér ekki til að mæta til vinnu líkt og á stæði.
23. Hinn 3. september 2024 sendi stefnandi bréf til dómsmálaráðherra vegna reksturs máls þessa. Þar kemur m.a. fram að áður en til málshöfðunar kom hafi stefnandi upplifað sig jafdarsettan í sínum störfum hjá embætti lögreglustjórans á [...] og hafi verið bætt í þær aðgerðir gegn honum eftir að hann höfðaði málið. Stefnandi sé orðinn algjör hornreka í störfum embættisins. Um sé að ræða einelti og ofbeldi í hans garð í skilningi reglugerðar nr. 1009/2015. Í bréfinu er vísað til meðfylgjandi atvikalýsingar stefnanda frá 30. ágúst s.á. Þá er þess krafist að dómsmálaráðherra rannsaki málið í heild og að lögreglustjóri verði áminntur fyrir framgöngu sína gagnvart stefnanda.
24. Dómsmálaráðuneytið sendi bréf stefnanda til embættis lögreglustjórans á [...] 5. nóvember 2024 og óskaði eftir sjónarmiðum lögreglustjórans um erindið og öðrum upplýsingum sem skipt gætu máli.
25. Fyrir liggja tölvubréfasamskipti milli stefnanda og dómsmálaráðuneytisins í september, nóvember og desember 2024 þar sem stefnandi óskaði eftir upplýsingum um rannsókn ráðuneytisins í kjölfar bréfs hans 3. september s.á. Í tölvubréfi ráðuneytisins 12. nóvember s.á. kom m.a. fram að stefnandi væri ekki aðili að þeirri athugun sem færi fram á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda ráðuneytisins. Ráðuneytið kynni að óska eftir frekari upplýsingum frá stefnanda væri tilefni til þess. Ákvörðun lögreglustjórans á [...] 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði stefnanda yrði ekki endurskoðuð sérstaklega af ráðuneytinu.
26. Stefnandi óskaði eftir gögnum málsins á grundvelli 19. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, m.a. með tölvubréfi til ráðuneytisins 29. nóvember 2024. Hinn 4. desember s.á. kom fram í svartölvubréfi ráðuneytisins að stefnandi væri ekki aðili að þeirri athugun sem væri til skoðunar. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 140/2012 taki réttur almennings til aðgangs að gögnum um málefni starfsmanna ekki til gagna í málum er varði m.a. framgang í starfi eða starfssamband að öðru leyti. Áréttað væri að ekki yrðu frekari viðbrögð af hálfu ráðuneytisins við erindinu að svo komnu máli.
27. Fyrir liggur bréf aðstoðarlögreglustjórans á [...] 3. desember 2024 til ríkislögmans í kjölfar erindis stefnanda 3. september s.á. Þar er því hafnað að stefnandi hafi verið beittur einelti eða valdniðslu og vísað til meðfylgjandi gagna, m.a. minnisblaðs frá lögreglustjóra og bréfs frá C yfirlögregluþjóni varðandi málið.

B

28. Í gögnum málsins er að finna nokkrar fréttir úr fjölmiðlum er varða umrætt mál stefnanda hjá embætti lögreglustjórans á [...].
29. [...]
30. [...]
31. [...]
32. [...]
33. Nokkrar frekari fréttir af vefmiðlum liggja fyrir dómnum er varða málið sem óþarft er að reifa sérstaklega.

C

34. Stefnandi gaf aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Þá gáfu vitnaskýrslu þau E, lögreglustjórinn á [...], C, fyrrverandi yfirlögregluþjónn hjá embætti lögreglustjórans á [...], og D, mannauðsstjóri hjá lögreglustjóranum á [...]. Verður vitnað til framburða þeirra eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður stefnanda

35. Stefnandi byggir á því að ákvörðun lögreglustjórans á [...] 16. október 2023 um breytingu á starfi hans og verksviði hafi verið ólöglegt. Um hafi verið að ræða stjórnvaldsákvörðun, sbr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr.

37/1993, og þurfi hún að fullnægja öllum kröfum sem slík. Ekki verði gerðar breytingar á starfssviði samkvæmt 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nema þær séu reistar á málefnalegum sjónarmiðum og megi þær ekki vera meira íþyngjandi fyrir starfsmenn en nauðsyn beri til. Sönnunarbyrði um tilvist málefnalegra sjónarmiða hvíli á stefnda.

36. Vísar stefnandi til þess að í 21. gr. laga nr. 70/1996 sé að finna sérstaka heimild til að veita starfsmanni áminningu við þær aðstæður sem þar er lýst. Þá sé í 26. gr. laganna tekið fram að unnt sé að veita embættismanni lausn um stundarsakir af ástæðum sem tilgreindar séu í 2. mgr. þess ákvæðis. Sérstaklega sé síðan tiltekið að við slíkar aðstæður sé skylt að veita honum áminningu samkvæmt 21. gr. laganna og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum sé veitt lausn. Stefnandi hafi staðið í ástarsambandi við konu sem starfaði á því sviði sem hann veitti forstöðu. Eins og vilji verða um ástfangið fólk hafi hegðun hans og konunnar í tengslum við lyktir sambandsins ekki verið til fyrirmyndar. Stefnandi hafi hins vegar verið áminntur fyrir þessa hegðun og engin efni staðið til að veita honum samhliða því lausn frá störfum vegna hennar. Stefnandi geri í máli þessu engar athugasemdir við lýsingu atvika í áminningarbréfi lögreglustjóra. Í 21. og 26. gr. laga nr. 70/1996 komi skýrt fram að starfsmenn sem verði á í messunni eigi rétt til að bæta ráð sitt. Hafi stefnandi því átt rétt til þess í kjölfar áminningarinnar að sýna í verki að hann væri fullfær um að gegna störfum sínum óaðfínanlega.
37. Stefnandi byggir á því að í rökstuðningi lögreglustjóra fyrir ákvörðun um breytingu á starfssviði hans hafi áminningin verið eina ástæða hennar en af því leiði að stjórnunarhæfni stefnanda sé ekki undir í málinu. Í því samhengi vísar stefnandi til farsæls starfsferils síns sem helstu sönnunar á stjórnunarhæfni sinni, sbr. og til hliðsjónar skýrslu F frá 19. september 2023, þótt stefnandi geri alvarlegar athugasemdir við ýmislegt í þeirri skýrslu. Ekkert gefi tilefni til að draga stjórnunarhæfni hans í efa og engar forsendur hafi verið fyrir öðru en að hann myndi gegna áfram starfi sínu.
38. Þá vísar stefnandi til þess að í ákvörðun lögreglustjóra um að breyta starfi og verksviði hans hafi nánast falist lausn um stundarsakir. Stefnandi hafi þannig gegn vilja sínum og ótímabundið verið sviptur öllum mannaforráðum. Honum hafi síðan verið falin tiltölulega einföld verkefni í engu samræmi við þekkingu hans og reynslu af lögreglustörfum. Þá hafi þessi verkefni verið í engu samræmi við þau verkefni sem hann hafi verið skipaður til að gegna. Þessar breytingar hafi verið afar íþyngjandi og sýnilega ætlaðar til að sneiða fram hjá reglum 21. og 26. gr. laga nr. 70/1996 um það hvenær starfsmanni skuli veitt lausn frá störfum. Skoðist framangreint í ljósi þess að sú ákvörðun ein og sér að áminna hann hafi verið sérstaklega íþyngjandi fyrir hann.
39. Stefnandi byggir á því að sjónarmið að baki ákvörðun lögreglustjóra um breytt starf og verksvið séu ólögmat. Ákvæði 19. gr. laga nr. 70/1996 sé ekki ætlað sem tæki til að láta embættismenn, sem ekki verði veitt lausn frá störfum, gjalda aukalega fyrir hvers kyns háttsemi sem kunni að varða áminningu samkvæmt 21. gr. laga nr. 70/1996.
40. Vísar stefnandi til þess að séu atvik metin í heild sinni og af sanngirni sjáist hversu ómálefnalegt og íþyngjandi sé að spilla með þessum íþyngjandi hætti störfum og starfsferli stefnanda. Brjótí því ákvörðun lögreglustjóra um breytingu á starfi og verksviði stefnanda gegn 19. gr. laga nr. 70/1996 sem og jafnræðis- og meðalhófsreglum 11. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samsvarandi reglum almenns stjórnsýsluréttar.
41. Verði ekki fallist á framangreint byggir stefnandi á því að þegar hann hafi verið settur í leyfi hafi sú eining, sem konan sem hann hafði átt í ástarsambandi við vann í, verið tekin undan hans stjórn með stofnun nýrrar einingar, [...]deildar [...]. Sá möguleiki hafi því stjórnunarlega séð verið til staðar að breyta starfi stefnanda með mun minna íþyngjandi hætti þannig að hann hefði farið áfram með stjórn [...]deildar [...]. Með því að taka umþrætta ákvörðun hafi því verið brotið freklega gegn meðalhófi, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1993 og samsvarandi almennri reglu stjórnsýsluréttar. Þá hafi ákvörðunin gegn honum og eftirfarandi framkvæmd hennar falið í sér einelti í hans garð í skilningi b-liðar 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, sem og ofbeldi í víðtækum skilningi c-liðar ákvæðisins.

42. Þá byggir stefnandi á því að ákvörðun lögreglustjórans um breytingu á starfi stefnanda og verksviði hafi verið saknæm og ólögmat og valdið honum miska. Meti stefnandi fjárhæð bóta fyrir þann miska til 5.000.000 króna. Umfjöllun um ákvörðunina á opinberum vettvangi hafi að auki verið óumflýjanleg og niðurlægjandi og valdið stefnanda miklum miska. Lögreglustjórinn hafi þar lagt sitt til málanna því hún hafi upplýst um breytingar á starfssviði stefnanda. Þær breytingar hafi verið svo afgerandi að af þeim hafi ekki verið unnt að draga aðrar ályktanir en þær að stefnandi hafi gerst sekur um brot sem jafna hafi mátt til frávikningarsakar. Af 3. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 verði ályktað að upplýsingar af slíkum toga megi undir engum kringumstæðum veita nema um æðstu stjórnendur, sem stefndi telur sig ekki hafa verið, jafnvel þótt viðurlög í starfi hafi verið réttmæt. Bótaskylda stefnda sé því skýr enda hafi ekki verið lögmatgur grundvöllur fyrir ákvörðuninni og opinberar tilkynningar um hana því sérstaklega meiðandi.
43. Stefnandi byggir á því að athafnir stefnda hafi verið framkvæmdar af ásetningi og að þær hafi reynst stefnanda afar þungbærar. Skilyrðum almennu sakarreglunnar sé fullnægt og jafnframt skilyrðum miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993.
44. Auk framangreinds reisir stefnandi málatilbúnað sinn á því að meðferð lögreglustjórans á úttekt sálfræðinga E hafi verið ólögmat og saknæm og valdið honum miska. Meti stefnandi fjárhæð bóta fyrir þann miska til 5.000.000 króna.
45. Vísar stefnandi til þess að upplýsingar í úttektinni hafi verið viðkvæmar í skilningi 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Óheimilt hafi því verið að miðla þeim án samþykkis stefnanda, sbr. 9.–11. gr. laganna. Slíka heimild hafi stefnandi aldrei veitt. Þess í stað hafi hann undirritað heimild til E sem hafi verið takmörkuð við afhendingu úttektarinnar til lögreglustjóra. Sú heimild hafi með engum hætti getað heimilað frekari afhendingu. Afhending úttektarinnar til konunnar sem stefnandi hafði átt í ástarsambandi við hafi þannig verið í óþökk stefnanda og heimildarlaus. Afhendingin hafi því brotið gegn 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. og 6. og 9. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar nr. 2016/679.
46. Stefnandi byggir að auki á því að lögreglustjóra hafi samkvæmt 27. gr. laga nr. 90/2018 verið skylt að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga hans. Þrátt fyrir þetta hafi lögreglustjóri afhent konunni sem stefnandi hafði átt í ástarsambandi við úttektina til fjálsrar meðferðar. Hafi þetta hvað sem öðru líði verið óþarft enda hafi verið unnt að veita konunni aðgang að úttektinni án afhendingar úttektarinnar. Afhending hennar hafi verið sérlega áhættusöm enda miðlun konunnar á henni til fjölmiðla fyrirsjáanleg. Afhendingin hafi því brotið gegn 27. gr. laga nr. 90/2018, 32. gr. evrópsku persónuverndarreglugerðarinnar og ákvæðum um þagnarskyldu í 22. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, 18. gr. laga nr. 70/1996 og 8. tölul. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 37/1993.
47. Byggir stefnandi á því að hann eigi hlutlægan bótarétt vegna miðlunar úttektarinnar, sbr. 51. gr. laga nr. 90/2018 og 82. gr. evrópsku persónuverndarreglugerðarinnar. Sé ekki á það fallist byggir stefnandi á því að stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að miðlun lögreglustjóra á úttektinni hafi ekki verið saknæm. Í öllu falli sé fram komin sönnun þess að miðlunin hafi verið saknæm.

Helstu málsástæður stefnda

48. Stefndi byggir á því að málefnaleg sjónarmið og lögmætar ástæður hafi legið til grundvallar þeirrar breytingu sem varð á starfi og verksviði stefnanda. Þá hafi verið farið að lögum þegar aðilum málsins var afhent úttekt E til andmæla.
49. Hvað varðar ákvörðun lögreglustjórans á [...] sem um er deilt vísar stefndi til þess að hún byggi á 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem og stjórnunarheimildum og stjórnunarrétti vinnuveitanda samkvæmt meginreglum vinnuréttar. Í stjórnunarrétti vinnuveitanda sé fölginn réttur hans til að skipa starfsmanni til verka, hvaða verk hann skuli vinna, með hvaða hætti og með hverjum og hvar á vinnustaðnum vinnan skuli fara fram. Lögreglustjóri hafi ákveðið að beita stjórnunarrétti sínum og breytt starfi stefnanda en ákvörðunin hafi engin áhrif haft á launakjör stefnanda eða önnur réttindi.

50. Vísar stefndi til þess að 19. gr. laga nr. 70/1996 hafi að geyma rúmar heimildir til handa forstöðumönnum ríkisstofnana til að gera breytingar á störfum og verksviði starfsmanna sinna. Í samræmi við orðalag ákvæðisins séu heimildir til slíkra breytinga í höndum forstöðumanna og þurfi að grundvallast á málefnalegum og réttmætum ástæðum og ekki vera meira íþyngjandi fyrir starfsmenn en nauðsyn beri til. Í rökstuðningi lögreglustjórans á [...] 1. desember 2023 sé vísað til þessara sjónarmiða. Forstöðumenn ríkisstofnana hafi nokkurt svigrúm á grundvelli stjórnunarheimilda sinna til að ákveða hvaða tilteknu viðfangsefnum á vegum stofnunar einstakir starfsmenn sinna.
51. Stefndi mótmælir því sem röngu, órökstuddu og ósönnuðu að með breytingu á starfi og verksviði stefnanda hafi falist varanleg útskýfun úr starfi, enda gegni stefnandi enn starfi [yfirmaður hjá lögreglunni] á [...]sviði hjá embætti lögreglustjórans á [...]. Hann sé enn með sama yfirmann og sinni, samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra, mikilvægum [...]verkefnum [...] sem krefjist sérþekkingar hans á sviði [...].
52. Vísar stefndi til þess að í 6. mgr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 segi að lögreglustjórar fari með stjórn lögregluliðs hver í sínu umdæmi. Í reglugerð nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar, sem sæki stoð í 4. mgr. 28. gr. laga nr. 90/1996, segi að um verkefni og ábyrgð sem hverju starfsstigi fylgi fari samkvæmt lögreglulögum, reglugerð nr. 1051/2006 og nánari fyrirmælum lögreglustjóra. Í [...] gr. reglugerðarinnar sé nánar kveðið á um verksvið og ábyrgð [yfirmaða hjá lögreglunni]. Þar segi [...].
53. Þá vísar stefndi til þess að sú breyting sem gerð hafi verið á starfi stefnanda falli vel að verksviði [starfsheiti yfirmanns hjá lögreglunni] og starfið sé honum fyllilega samboðið. Stefnandi hafi verið skipaður til starfa sem [yfirmaður hjá lögreglunni] hjá lögreglustjóranum á [...] en sú skipun geti að efni til ekki verið bundin til framtíðar við nánar tiltekið afmarkað starf, verkefni eða starfssvið. Líkt og ráða megi af efni 19. gr. laga nr. 70/1996 geti forsendur starfs og verksviðs breyst. Starfsmaður geti ekki vænst þess að eðli og inntak þeirra verkefna sem honum séu falin haldist með öllu óbreytt út starfstíma hans. Sú fullyrðing stefnanda að til greina hafi komið að endurskoða ákvörðun um breytingu á starfi hans og verksviði sæki ekki stoð í gögn málsins og sé henni mótmælt sem rangri, órökstuddri og ósannaðri. Þá fái ekki staðist sú túlkun stefnanda að í ákvörðun lögreglustjóra hafi falist lausn eða nánast lausn um stundarsakir og því mótmælt sem röngu og ósönnuðu.
54. Stefndi byggir á því að ráðstafanir sem leiði af beitingu ákvæðis 19. gr. laga nr. 70/1996 hafi ekki verið taldar til stjórnvaldsákvæðana heldur til ákvæðana er varði innra skipulag stjórnsýslunnar. Eigi það a.m.k. við í þeim tilvikum sem breytingar hafa ekki í för með sér skert launakjör eða réttindi starfsmanna.
55. Þá vísar stefndi til þess að sé litið til aðdraganda málsins verði ekki fram hjá því litið að atvik, sem varði framgöngu og háttalag stefnanda í starfi og utan starfs, hafi ráðið nokkru um þá breytingu sem gerð hafi verið á starfi hans og verksviði. Í rökstuðningi embættis lögreglustjóra til stefnanda vegna ákvörðunar um breytingu á starfi hans og verksviði sé sérstaklega vísað til þess að honum hafi verið veitt áminning vegna hegðunar og háttsemi sem samrýmdist hvorki starfi hans sem [yfirmaður hjá lögreglunni] né skyldum sem stjórnanda samkvæmt lögum nr. 90/1996. Af því verði ráðið að umrædd atvik hafi haft áhrif á ákvörðun embættis lögreglustjóra. Að jafnaði hafi verið litið svo á að ákvarðanir um breytingar á starfi og verksviði þurfi að uppfylla þau skilyrði að teljast byggðar á málefnalegum og réttmætum ástæðum og ekki vera meira íþyngjandi fyrir starfsmenn en nauðsyn beri til. Ekki sé hægt að útiloka að við sérstakar kringumstæður kunni vinnuveitanda að vera skylt að fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og meginreglum stjórnsýsluréttarins í tengslum við breytingar á starfi og verksviði starfsmanns.
56. Vísar stefndi til þess að af umfjöllun í minnisblaði embættis lögreglustjórans 31. júlí 2023 verði ráðið að fram hafi farið ítarleg skoðun og atviksbundið mat á aðstæðum öllum vegna athugunar á kvörtun undirmanns stefnanda um áreitni og ofbeldi og önnur tilvik því tengdu. Því hafi verið gætt að ýrtruðu málsmeðferðarreglum. Stefnandi hafi verið veittur andmælaréttur, umfram skyldu, vegna fyrirhugaðra breytinga á starfi hans og verksviði.
57. Þá reifar stefndi að hafa verði í huga að embætti lögreglustjórans hafi við meðferð málsins þurft að líta til hagsmuna embættisins, bæði hvað varðar innri starfsemi sem og mikilvægi þess að lögregla njóti trausts í samfélaginu. Ríkar kröfur séu gerðar til vammleysis ríkisstarfsmanna bæði innan og utan starfs, sbr. 14. gr. laga nr. 70/1996, og þá sérstaklega til lögreglumanna. Af ákvæðum laga nr. 90/1996 verði ráðið að starf

lögreglumanna sé ábyrgðarstarf og standi lögreglumaður ekki undir þeim vammleysiskröfum, sem til hans séu gerðar, geti það leitt til beitingar viðurlaga gagnvart honum og jafnframt til þess að breyta þurfi starfi hans og verksviði. Í ljósi eðlis starfa stefnanda innan embættis lögreglustjórans á [...] verði að gera ríka kröfu um vammleysi hans innan og utan starfs. Fyrir liggir að dómgreindarbrestur stefnanda í samskiptum við undirmann leiddi til þess að honum var veitt áminning. Stefnandi hafi brotið gegn þeirri vammleysisskyldu sem kveðið sé á um í 14. gr. laga nr. 70/1996. Málefnalegt hafi verið af hálfu lögreglustjóra að gæta að vammleysi og ásýnd embættisins og meðalhófs hafi jafnframt verið gætt.

58. Þá mótmælir stefndi því sem röngu og ósönnuðu að engar efnislegar forsendur hafi verið fyrir breytingum á störfum stefnanda og verksviði. Greinarmunur kunni að vera gerður á skyldum opinberra starfsmanna eftir eðli starfa þeirra. Í ljósi stöðu stefnanda sem [yfirmaður hjá lögreglunni] hafi honum borið að gæta varúðar í háttsemi innan og utan starfs. Þá sé rangt og ósannað að unnt hefði verið að leysa málið með mildari og viðurlutaminni úrræðum. Lögreglustjórinn á [...] hafi breytt störfum og verksviði stefnanda að undangenginni viðhlítandi málsmeðferð og mati þar sem ótvírætt þótti að nauðsynlegum skilyrðum væri fullnægt.
59. Hvað varðar úttekt sálfræðistofunnar E vísar stefndi til þess að engin lög hafi verið brotin þegar aðilum máls var gefinn kostur á andmælum vegna hennar. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sé sérstaklega tekið fram að lögin takmarki ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt sé fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.
60. Vísar stefndi til þess að samkvæmt 15. gr. laga nr. 37/1993 eigi aðilar máls rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varði viðkomandi mál. Almennt sé viðurkennt að óheftur aðgangur gagna sé nauðsynlegur til að tryggja rétt aðila til að koma að skýringum og leiðrétta framlögð gögn svo komi að fullu gagni í málum. Um hafi verið að ræða tvo málsaðila sem hvor um sig hafi átt rétt á gögnum. Stefndi geti hvorki borið ábyrgð á því að annar málsaðili hafi afhent þriðja aðila úttektina né á þeirri umfjöllun sem málið fékk í fjölmiðlum.
61. Hvað varðar upplýsingagjöf lögreglustjórans á [...] til fjölmiðla vísar stefndi til þess að þau svör sem embættið veitti hafi verið almenns eðlis og ekki um einstaka starfsmenn. Hvað varðar upplýsingagjöf um breytt starfssvið sé embættinu skylt á grundvelli 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 að veita upplýsingar um nöfn starfsmanna og starfssvið sé eftir því leitað.
62. Stefndi byggir á því að skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu ekki fyrir hendi og beri því að sýkna stefnda af miskabótakröfu stefnanda. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda er á því byggt til vara að lækka beri kröfur stefnanda til muna enda sé fjárhæð miskabótakrafanna í engu samræmi við dómaframkvæmd þegar fallist hefur verið á bótaskyldu. Þá séu engin gögn sem styðji miskabótakröfu stefnanda og fjárhæð hennar.

Niðurstaða

A

63. Áður en tekin verður afstaða til efnislegs ágreinings málsaðila er rétt að leysa úr því hvort tiltekna málsástæður stefnanda, sem komu fram við munnlegan flutning málsins, komist að í málinu, en stefndi mótmælti þeim með bókun í þingbók við aðalmeðferð málsins.
64. Bókuð var eftir stefnanda í þingbók ný málsástæða um að starfsmenn E, sem komu að málefnum B og stefnanda sem lauk með úttekt fyrirtækisins 30. maí 2023, hafi ekki uppfyllt hæfiskröfur þar sem B hafi þá þegar verið skjólstæðingur fyrirtækisins án þess að stefnandi hafi verið upplýstur um það áður en hann féllst á að mál þeirra yrði rannsakað hjá fyrirtækinu, hinn 9. mars 2023. Upplýsingar um að B hefði farið í svonefnt speglunarviðtal hjá fyrirtækinu 31. janúar 2023 komu fram í minnisblaði mannaússtjóra lögreglustjórans á [...] sem lagt var fyrir dóminn 29. október 2024, en ekki verður ráðið af framlögðum gögnum að stefnandi hafi verið kunnugt um þau samskipti fyrr en við framlagningu minnisblaðsins. Þótt upplýsingar um þá fyrirhugað speglunar- og stuðningsviðtal B við sálfræðing hafi komið fram í minnisblaði lögreglustjórans á [...] 31. júlí 2023, sem stefnandi lagði fram við þingfestingu málsins, kom

þar ekki fram hvaða sálfræðingur myndi taka viðtalið við B. Af þeim sökum er umrædd málsástæða ekki of seint fram komin í skilningi 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

65. Þá byggði stefnandi á því við munnlegan flutning málsins að hann hefði ekki verið upplýstur um það, er leitað var til E, að málið hefði á þeim tíma verið lagt í farveg stjórnslumáls þar sem til greina kæmi að áminna hann og breyta störfum hans og verksviði. Skerpti stefnandi á því að umrædd málsástæða væri til komin vegna þeirrar málsástæðu stefnda að B hefði verið aðili að stjórnslumáli og því átt rétt til afrits af úttekt fyrirtækisins á grundvelli 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Til þess er að líta að stefnandi hreyfði umræddri málsástæðu, eins og hún er afmörkuð, til andsvara við fyrrgreindri málsvörn stefnda sem reist er á 15. gr. laga nr. 37/1993, og gafst því ekki tilefni til að hafa hana uppi við meðferð málsins fyrir en raunin varð, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Sætir hún því jafnframt efnislegri úrlausn.

B

66. Stefnandi krefst þess að ógilt verði ákvörðun lögreglustjórans á [...] frá 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði stefnanda sem reist var á 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Telja verður að kröfur af þessum toga, sé á þær fallist, leiði ekki til þess að sá er hefur uppi slíka kröfu gangi í framhaldinu inn í fyrri störf og verksvið. Stefnandi byggir hins vegar á því að hann hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn kröfunnar samhliða kröfu um miskabætur vegna ákvörðunarinnar en hún sé ótímabundin og stefnandi enn við störf hjá lögreglustjóranum á [...].
67. Þótt miskabótakrafa stefnanda vegna umræddrar ákvörðunar lögreglustjórans á [...] sé jafnframt reist á því að ákvörðunin hafi verið í andstöðu við lög felur krafa stefnanda um ógildingu á ákvörðuninni, m.a. í ljósi stöðu hans hjá lögreglustjóranum á [...] og þess að ákvörðunin er ótímabundin, í sér meira en að vera aðeins forsenda fyrir kröfu hans um miskabætur, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 15. ágúst 2007 í máli nr. 323/2007 og dóm Landsréttar frá 15. desember 2023 í máli nr. 687/2022 og til samanburðar dóm Hæstaréttar frá 11. október 2018 í máli nr. 827/2017. Eru því ekki efni til að vísa henni frá dómi án kröfu, svo sem reifað var af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins.

C

68. Ágreiningur aðila máls þessa er í grunninn tvíþættur og varðar annars vegar ákvörðun lögreglustjórans frá 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði stefnanda. Byggir stefnandi á því að umrædd ákvörðun hafi verið andstæð 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og hafi valdið honum miska þannig að bótaskyldu varði, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en því mótmælir stefndi. Hins vegar krefst stefnandi miskabóta úr hendi stefnda vegna meðferðar á úttekt sálfræðifyrirtækisins E frá 30. maí 2023 en afrit hennar var afhent B og var síðar fjallað um hana í fjölmiðlum. Stefndi hafnar og umræddum kröfum og telur sér hafa verið skylt að afhenda B úttektina, svo sem nánar verður rakið.

D

69. Stefnandi var skipaður [yfirmaður hjá lögreglunni] hjá embætti lögreglustjórans á [...] frá 1. júlí 2015 til fimm ára en sú skipun endurnýjaðist að fimm árum liðnum og gegndi hann því embætti þegar ákvörðun lögreglustjórans á [...] um breytingu á störfum og verksviði hans var tekin 16. október 2023. Umrædd ákvörðun var tekin samhliða því að stefnandi var áminntur vegna háttsemi innan og utan starfs, líkt og rakið er nánar hér að framan, en fyrir liggur að ákvörðun lögreglustjórans um breytingu á störfum og verksviði stefnanda var reist á sömu ástæðum og áminning hans, svo sem ráða má af rökstuðningi lögreglustjórans 1. desember 2023.
70. Í [...] gr. reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar, en reglugerðin sækir stoð í 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga 90/1996, er að finna lýsingu á störfum [yfirmanna hjá lögreglunni]. Þar segir [...].
71. Með ákvörðun lögreglustjórans á [...] um breytingu á störfum og verksviði stefnanda 16. október 2023 var starfsskyldum hans hjá lögreglustjóranum breytt úr því að fara með stjórn [...]deildar [...], í [...] og annarra verkefna sem krefðust sérþekkingar stefnanda.

72. Í aðilaskýrslu stefnanda fyrir dómi, svo og skýrslu lögreglustjórans og C, fyrrverandi yfirlögregluþjóns hjá embætti lögreglustjórans, kom fram að fyrir ákvörðunina hefði stefnandi haft mannaforráð og verið yfirmaður rúmlega [...] einstaklinga en eftir hana hefði hann engin slík forráð með höndum. Þá hefði hann áður haft tilteknar [...] heimildir sem [yfirmaður hjá lögreglunni] en eftir hana væri engum slíkum heimildum til að dreifa. Kom og fram í aðilaskýrslu stefnanda svo og vitnaskýrslu C að stefnandi hefði eftir ákvörðunina sinnt [...], en í raun hefði lítið verið gert með vinnu stefnanda að þessu leyti til.
73. Þótt ekki verði ráðið af gögnum málsins að breytingar hafi orðið á starfskjörum stefnanda við umrædda ákvörðun er ljóst að með henni urðu verulegar breytingar á störfum hans fyrir lögreglustjóran. Ákvörðunin hafði þannig mikla þýðingu fyrir stöðu stefnanda og telst því stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnáslutlaga nr. 37/1993, sbr. og til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 18. september 2008 í máli nr. 430/2007.
74. Óumdeilt er hins vegar að stefnandi er enn [yfirmaður hjá lögreglunni] hjá lögreglustjóranum og fær greidd laun sem slíkur. Verður af þeim sökum ekki fallist á með stefnanda að umrædd ákvörðun hafi nánast falið í sér lausn um stundarsakir, sbr. til hliðsjónar fyrrnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 827/2017.
75. Hin umdeilda ákvörðun stefnda var reist á 19. gr. laga nr. 70/1996 en samkvæmt ákvæðinu er starfsmanni skylt að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Ótvírátt er að forstöðumaður ríkisstofnunar hefur heimild til að breyta störfum og verksviði ríkisstarfsmanns og er það komið undir mati hans hvort tilefni sé til slíkra breytinga, en þær verða þó að vera reistar á málefnalegum sjónarmiðum og mega ekki vera meira íþyngjandi fyrir starfsmann en nauðsyn ber til, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 4. maí 2005 í máli nr. 475/2004. Sönnunarbyrði um að gætt hafi verið málefnalegra sjónarmiða við töku ákvörðunar þeirrar sem hér um ræðir hvílir á stefnda, sbr. til dæmis fyrrnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 827/2017.
76. Í 19. gr. laga nr. 70/1996 eru ekki settar sérstakar skorður við því hvenær tilefni getur verið til breytinga á störfum og verksviði starfsmanns ríkisins búi málefnaleg sjónarmið þar að baki og meðalhófs gætt. Þótt stefnandi hafi verið áminntur vegna hegðunar sinnar gagnvart fyrrnefndri B vegna ástarsambands þeirra og eftirmála þess er að lögum ekki girt fyrir að samhliða áminningu geti forstöðumaður ríkisstofnunar fært starfsmann til í starfi sem viðbragð við hinni ámælisverðu hegðun. Þótt í 4. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 komi m.a. fram að embættismanni skuli gefið færi á að bæta ráð sitt í kjölfar áminningar samkvæmt 21. gr. laganna felur það ekki sér að hann eigi af þeim sökum bjargfast tilkall til sama starfsumhverfis, séu fyrir hendi málefnalegar forsendur fyrir tilfærslu í starfi samkvæmt 19. gr. laganna og meðalhófs gætt.
77. Stefnandi hefur felld sig við áminningu lögreglustjórans 16. október 2023 og gerir ekki athugasemdir við lýsingu atvika í áminningarbréfi lögreglustjórans. Í áminningunni kom fram að stefnandi hefði farið yfir mörk gagnvart B í tíu tilvikum og vísað til úttektar E í þeim efnum. Umrædda háttsemi mætti samanlagt fella undir skilgreiningu ofbeldis eins og því er lýst í e-lið 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þá hafi hann með ómálefnalegum hætti m.a. veitt B fyrirgjöf í vinnu og jafnframt flutt stöðugildi hennar til annarrar deildar. Að auki hafi hann hljóðritað símtal við B á vinnustað án hennar vitneskju. Jafnframt hafi hann ekki fylgt skýrum fyrirmælum yfirmanna um að eiga í takmörkuðum samskiptum við B.
78. Í ljósi þess að stefnandi ber ekki brögður á áminninguna og forsendur hennar, sem ekki lúta raunar allar að úttektar E, verður ekki fallist á með honum að meint vanhæfi starfsmanna E vegna fyrri samskipta við B, áður en formlegt ferli á vettvangi fyrirtækisins hófst með samþykki stefnanda, leiði til þess að fallast beri á ógildingu umræddrar ákvörðunar og miskabótakröfu vegna hennar. Skoðast það í ljósi þess að forsendur ákvörðunar um breytingu á starfi og verksviði stefnanda voru þær sömu og fram komu í áminningunni, svo sem ráða má af rökstuðningi lögreglustjórans fyrir ákvörðuninni 1. desember 2023, sem fyrr greinir. Verður og raunar ekki ráðið að þótt B hafi átt í samskiptum við sálfræðing hjá E á fyrri stigum, fyrir tilstuðlan mannauðsstjóra lögreglustjórans, leiði það til þess að starfsmenn fyrirtækisins hafi þá orðið vanhæfir vegna eftirfarandi úttektar á málinu, enda ekkert í gögnum málsins sem gefur til kynna að þeir hafi af þeim sökum verið óvilhallir.

79. Sætir þá skoðun hvort málefnalegt hafi verið að taka ákvörðun um breytingu á starfi og verksviði stefnanda með þeim hætti sem gert var og hvort meðalhófs hafi verið gætt við þá ákvörðun. Í skipuriti lögreglustjórans 6. maí 2020 kemur fram að hjá embættinu hafi þá verið [...]deildir, [...]. Mun fyrrnefnd B við umrædda breytingu hafa fært sig í [...]deildina, svo sem fram kom m.a. í vitnaskýrslu lögreglustjórans fyrir dómi.
80. Af gögnum málsins og málatilbúnaði aðila er ljóst að umrædd ákvörðun um breytingu á starfi og verksviði stefnanda var tekin vegna ósæmilegrar háttsemi hans gagnvart B. Ekki verður hins vegar ráðið að ákvörðunin hafi jafnframt verið reist á öðrum atriðum er hann varða. Má þannig telja í ljósi framangreinds að lögreglustjóranum hafi verið kleift, er hún tók hina umdeildu ákvörðun 16. október 2023, að láta stefnanda sinna sams konar störfum og hann hafði áður gegnt án þess að gegna áfram yfirmannsstöðu gagnvart B, sbr. og til hliðsjónar fyrrnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 430/2007. Að auki verður að gefa því gaum að hlutverk [yfirmanns hjá lögreglunni] er, svo sem það er skilgreint í [...] gr. reglugerðar nr. 1051/2016, m.a. að [...], en [því var ekki] til að dreifa í störfum stefnanda eftir umrædda ákvörðun.
81. Þótt fallast megi á með stefnda að ríkar kröfur skuli gerðar til vammleysis stefnanda innan og utan starfa, sbr. 14. gr. laga nr. 70/1996, sem skoðist jafnframt í ljósi stöðu hans sem [yfirmaður hjá lögreglunni], leiðir sú lagaumgjörð ekki til þess að lögmætt geti talist að breyta störfum og verksviði hans nema kröfum 19. gr. laganna sé fylgt. Verður í því samhengi, svo sem stefnandi vísar til, að gæta þess að sá farvegur er fyrir hendi vegna háttsemi í starfi og utan þess að veita embættismanni áminningu, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996, og bæti hann ekki ráð sitt að veita honum lausn frá embætti, sbr. nánar 26. og 27. gr. laganna.
82. Samkvæmt framansögðu hefur stefnda ekki auðnast sönnun þess að ákvörðun lögreglustjórans á [...] hafi verið reist á málefnalegum sjónarmiðum sem er skilyrði lögmætis ákvörðunar eftir 19. gr. laga nr. 70/1996. Þótt launakjör stefnanda hafi ekki verið skert með ákvörðuninni var hún ótímabundin og meira íþyngjandi en nauðsyn bar til. Braut ákvörðunin því í bága við fyrrgreint lagaákvæði.
83. Stefnandi byggir og á því að ákvörðun um breytingu á starfi og verksviði hans og eftirfarandi framkvæmd hennar hafi falið í sér einelti í hans garð í skilningi b-liðar 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 svo og ofbeldi í víðtækum skilningi samkvæmt e-lið sama ákvæðis. Í ljósi gagna málsins og skýrslna fyrir dómi hefur stefnanda ekki auðnast sönnun þess að ákvörðunin og eftirmál hennar hafi falið í sér síendurtekna hegðun sem almennt sé til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verði, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta, sbr. b-lið 3. gr. reglugerðarinnar. Verður þannig ekki fallist á með stefnanda að um síendurtekna hegðun hafi verið að ræða með þeim hætti sem ákvæðið lýsir heldur ákvörðun og eftirfarandi framkvæmd hennar um breytingu á starfi og verksviði hans. Sama á við að breyttu breytanda um að hegðun gagnvart honum hafi leitt til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga, eða falið í sér hótanir um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis í skilningi e-liðar ákvæðisins. Verður því ekki fallist á með stefnanda að lögreglustjórinn hafi brotið gegn stefnanda á þessum grunni.
84. Stefnandi krefst þess að ógilt verði ákvörðun lögreglustjórans á [...] frá 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði hans. Líkt og fyrr greinir felst ekki í kröfunni sú krafa að stefnandi verði settur í fyrra starf heldur að krafan verndi aðra hagsmuni hans. Að því gættu og með vísan til alls framangreinds verður umrædd krafa tekin til greina.
85. Krafa stefnanda um miskabætur vegna ákvörðunarinnar að fjárhæð 5.000.000 króna er reist á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þótt stefnandi hafi sýnt af sér ósæmilega háttsemi gagnvart undirmanni verður fallist á með honum að ákvörðun um breytingu á störfum og verksviði hans hafi verið meiddandi í hans garð þar sem hún fól í sér verulegar breytingar á hans störfum, úr því að hafa mannaforráð og tiltekna [...]heimildir sem [yfirmaður hjá lögreglunni] yfir í að sinna því sem má telja til hliðarverkefna sem lítill gaumur var gefinn á vettvangi embættis lögreglustjóra. Skoðast það í ljósi þess að ekki bjuggu málefnaleg sjónarmið að baki ákvörðuninni í ljósi atvika málsins og meðalhófs var ekki gætt, sem fyrr greinir. Vó ákvörðunin því að æru og persónu stefnanda. Af þeim sökum er fullnægt skilyrðum fyrrnefnds ákvæðis til að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefnda, en um fjárhæð þeirra er fjallað í F-hluta forsendna dómsins.

86. Í fyrirbyggjandi samhengi byggir stefnandi og á því að hann eigi rétt til miskabóta vegna þess að lögreglustjórinn hafi lagt sitt til málanna varðandi fjölmiðlaumfjöllun vegna málsins þegar hún hafi upplýst um breytingar á starfssviði stefnanda. Þær upplýsingar hafi verið svo afgerandi að af þeim hafi ekki verið unnt að draga aðrar ályktanir en þær að stefnandi hefði gerst sekur um brot sem jafna hafi mátt til frávíkingarsakar, en slíkar upplýsingar megi ekki veita nema um æðstu stjórnendur, sbr. 3. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.
87. [...].
88. [...].
89. Í 1. gr. laga nr. 140/2012 segir að markmið þeirra sé að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. í þeim tilgangi að styrkja 1. upplýsingarétt og tjáningarfrelsi, 2. möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi, 3. aðhald fjölmiðla og almennings að opinberum aðilum, 4. möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni og 5. traust almennings á stjórnsýslunni. Þá segir í 1. mgr. 2. gr. laganna að þau taki til allrar starfsemi stjórnvalda. Í 1. mgr. 5. gr. laganna segir m.a. að sé þess óskað sé skylt að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, með þeim takmörkunum sem greini í 6. til 10. gr.
90. Í 1. málslíð 1. mgr. 7. gr. laganna segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum um málefni starfsmanna sem starfi hjá aðilum sem lögin taki til samkvæmt 2. gr. ákvæðisins taki ekki til gagna í málum sem varði umsóknir um starf, framgang í starfi eða starfssambandið að öðru leyti. Þrátt fyrir það mælir 2. mgr. 7. gr. laganna fyrir um vissar upplýsingar sem skylt er þó að veita, þar á meðal um nöfn starfsmanna og starfssvið, sbr. 2. tölul. ákvæðisins. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna segir m.a. um ákvæði 7. gr. að upplýsingar um það hvaða starfsmenn starfi við opinbera þjónustu og hvernig þeim störfum sé sinnt séu almennt ekki taldar að öllu leyti til einkamálefna viðkomandi starfsmanns eða vinnuveitanda hans. Að hluta til kunni að vera um að ræða mikilvægar upplýsingar um ráðstöfun opinberra hagsmuna.
91. Af framangreindu leiðir að almennt ríkir ekki þagnarskylda um það hverjir teljast starfsmenn opinberrar stofnunar. Við nánara mat á heimildum stjórnvalda til að veita upplýsingar um nöfn opinberra starfsmanna og starfssvið þeirra ber að líta til þess að meginregla laga nr. 140/2012 er upplýsingaréttur almennings, sbr. ákvæði 1. og 5. gr. laganna, og undantekningar frá þeirri meginreglu í 7. gr. laganna verða ekki skýrðar rúmt nema orðalag þeirra eða lögskýringargögn gefi tilefni til, en það á ekki við í fyrirbyggjandi samhengi.
92. Í ljósi framangreinds verður að fallast á það með stefnda að fyrrgreind upplýsingagjöf lögreglustjórans til fjölmiðla eigi undir 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 140/2012 þar sem segir að þegar aðrar takmarkanir á upplýsingarétti samkvæmt lögnum eigi ekki við sé skylt að veita upplýsingar um nöfn starfsmanna og starfssvið. Í fyrrgreindum svörum lögreglustjórans til fjölmiðla fólst aðeins upplýsingagjöf um starfssvið stefnanda þegar þær voru veittar, annars vegar að hann væri í leyfi frá störfum og hins vegar hvert væri hans nýja starfssvið. Þótt fjölmiðlar hafi, í ljósi atvika málsins, tengt í fréttatflutningi sínum upplýsingar sem þeir fengu með öðrum hætti við umræddar upplýsingar frá lögreglustjóranum verður ekki fallist á með stefnda að með þessu hafi lögreglustjórinn upplýst um að stefnandi hafi gerst sekur um brot sem jafna hafi mátt til frávíkingarsakar. Verður því ekki fallist á að stefnandi eigi rétt til miskabóta á þessum grunni.

E

93. Stefnandi krefst jafnframt miskabóta að fjárhæð 5.000.000 króna úr hendi stefnda vegna meðferðar lögreglustjórans á [...] á úttekt E. Upplýsingar í úttektinni hafi verið viðkvæmar í skilningi 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og óheimilt hafi verið að miðla þeim án samþykkis stefnanda, sbr. 9.–11. gr. laganna. Afhending úttektarinnar til B hafi verið í óþökk stefnanda, heimildarlaus og brotið gegn 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 6. og 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin), en reglugerðin hefur lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2018. Þá hafi

- lögreglustjórinn ekki gert viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga hans, sbr. m.a. 27. gr. laga nr. 90/2018. Eigi hann því hlutlægan bótarétt vegna miðlunar úttektarinnar, sbr. 51. gr. laga nr. 90/2018 og 82. gr. reglugerðarinnar, en í öllu falli á sakargrunni.
94. Stefndi vísar til þess að í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 90/2018 sé sérstaklega tekið fram að lögin takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 140/2012 og lögum nr. 37/1993. Vísar stefndi þar til þess að aðilar máls eigi samkvæmt 15. gr. laga nr. 37/1993 rétt á að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða viðkomandi mál. Í tilviki stefnanda og B hafi verið um að ræða tvo málsaðila sem hafi hvort um sig átt rétt á gögnum. Því hafi báðum verið afhent úttektin til yfirlestrar og andmæla. Stefndi geti hvorki borið ábyrgð á því að annar málsaðili hafi afhent þriðja aðila úttektina né á umfjöllun um málið í fjölmiðlum.
95. Af efni úttektar E má ráða að hún hafði að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar um ástarsamband stefnanda og B og eftirmál þess sem felldar verða undir c-lið 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018. Hvað varðar tilvísun stefnda til þess að heimilt hafi verið að afhenda B afrit úttektarinnar á grundvelli 15. gr. laga nr. 37/1993 er ljóst að gildissvið þeirra laga er takmarkað við stjórnvaldsákvörðanir, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra. Þannig þarf málsmeðferð að lúta að fyrirhugaðri töku stjórnvaldsákvörðunar og að sá er rétt eigi til aðgangs að gögnum sé aðili þess stjórnsýslumáls.
96. Af gögnum málsins og vitnaskýrslu D, mannauðsstjóra hjá embætti lögreglustjórans á [...], verður ekki ráðið að stefnandi hafi, þegar afráðið var að leita úttektar E, verið upplýstur með skýrum hætti um að til meðferðar væri mál sem kynni að enda með töku stjórnvaldsákvörðunar, svo sem áminningar, eða lausn um stundarsakir. Í máli D kom fram að stefnandi hefði verið munnlega upplýstur með almennum hætti um að lögreglustjóri þyrfti að taka afstöðu þegar málinu væri lokið.
97. Þegar máli stefnanda var vísað til úttektar á vettvangi E verður þannig ekki ráðið að fyrirhugað hafi verið á því stigi að taka í framhaldinu tiltekna stjórnvaldsákvörðun. Þegar úttekt fyrirtækisins lá svo fyrir var hins vegar boðað hinn 21. september 2023 að stefnandi yrði áminntur svo og að breyting yrði gerð á störfum hans og verksviði, sem síðar var gert 16. október 2023, en í báðum tilvikum var um að ræða meðferð stjórnsýslumála sem falla undir gildissvið laga nr. 37/1993. Í ljósi þess að ekki verður ráðið af gögnum málsins, þegar B var afhent umrædd úttekt 6. júní 2023, að mál er féll undir gildissvið laga nr. 37/1993 hafi verið til meðferðar, verður ekki fallist á með stefnda að afhending úttektarinnar verði reist á 15. gr. laga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 90/2018. Skoðast framangreint í ljósi þess að B hafði ekki stöðu aðila stjórnsýslumáls, hvorki varðandi áminningu né breytingu á störfum og verksviði stefnanda, og hefur stefndi raunar ekki fært fram hvers konar mál er félli undir gildissvið laga nr. 37/1993 hafi verið til meðferðar er B var afhent úttektin.
98. Þar sem stefndi byggir ekki á að afhending úttektarinnar hafi verið heimil á grundvelli annarra vinnsluheimilda laga nr. 90/2018 eða annarra laga verður ekki hjá því komist að fallast á með stefnanda að lögreglustjórinn hafi brotið gegn 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 9. gr. persónuverndarreglugerðarinnar. Þá má jafnframt fallast á með stefnanda að viðurhlutaminni ráðstafanir hafi verið tækar, svo sem með því að veita B aðgang að úttektinni án afhendingar afrits, og var háttsemin því jafnframt í andstöðu við 27. gr. laga nr. 90/2018 og 32. gr. reglugerðarinnar. Í fyrirliggjandi samhengi vísa þau þagnarskylduákvæði laga sem stefnandi byggir á m.a. til laga nr. 90/2018 sem eiga við um þennan þátt sakarefnisins.
99. Í 1. mgr. 51. gr. laga nr. 90/2018 segir m.a. að hafi ábyrgðaraðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði reglugerðarinnar, laganna eða reglna settra á grundvelli þeirra eða fyrir mæli Persónuverndar skuli hann bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem sá síðarnefndi hafi orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verði þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verði rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu. Af orðalagi ákvæðisins má ráða að bótareglan sé einskorðuð við fjárhagslegt tjón en kröfur stefnanda lúta að ófjárhagslegu tjóni. Hins vegar segir í 1. mgr. 82. gr. reglugerðarinnar m.a. að hver sem hefur orðið fyrir eignatjóni eða *óefnislegu tjóni* vegna brots á ákvæðum hennar skuli eiga rétt á skaðabótum frá ábyrgðaraðila fyrir það tjón sem hann hafi orðið fyrir. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að ábyrgðaraðili, sem tekur þátt í vinnslu, skuli bera ábyrgð á því tjóni sem hlýst af vinnslu sem brýtur í bága

við reglugerðina. Þá segir í 3. mgr. að ábyrgðaraðili skuli vera undanþeginn bótaábyrgð samkvæmt 2. mgr. ef hann getur fært sönnur á að hann beri enga ábyrgð á atburðinum sem olli tjóninu.

100. Þótt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 90/2018 mæli samkvæmt orðanna hljóðan einungis fyrir um bótareglu vegna fjárhagslegs tjóns verður í ljósi 3. mgr. 5. gr. laganna, þar sem segir að ákvæði reglugerðarinnar gangi frammar ákvæðum laganna, að telja ljóst að bótaregla 82. gr. reglugerðarinnar nái jafnframt til krafna stefnanda um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón í fyrirliggjandi samhengi. Skoðast það og í ljósi athugasemda með frumvarpi til laganna um 51. gr. þess þar sem segir m.a. að hún sé reist á 82. gr. reglugerðarinnar um bótarétt og bótaábyrgð, en meðal nýmæla sem hún feli í sér sé að ekki aðeins ábyrgðaraðilar heldur einnig vinnsluaðilar geti borið skaðabótaábyrgð vegna brota sem leiða til tjóns, hvort heldur fjárhagslegs eða ófjárhagslegs.
101. Af orðalagi 1. mgr. 82. gr. reglugerðarinnar leiðir að sá sem orðið hefur fyrir óefnislegu tjóni vegna brots á henni eigi rétt til skaðabóta fyrir það tjón. Í 3. mgr. ákvæðisins er að finna reglu um öfuga sönnunarbyrði þar sem lagt er á ábyrgðaraðila að færa sönnur á að hann beri enga ábyrgð á atburðinum er olli tjóni. Af framangreindu er ljóst að svo fallist verði á kröfu stefnanda um miskabætur á grundvelli ákvæðisins þarf að liggja fyrir brot á reglugerðinni, tjón og orsakatengsl milli háttseminnar og tjónsins, en sönnunarbyrði um að stefndi hafi ekki orsakað tjónið hvílir á honum. Ljóst er að gengið er út frá sök ábyrgðaraðila nema hann sanni annað, en stig saknæmis tjónvalds skal ekki hafa þýðingu við mat á bótaskyldu fyrir ófjárhagslegt tjón samkvæmt ákvæðinu, sbr. til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins frá 21. desember 2023 í máli nr. C-667/21.
102. Fallast verður á með stefnanda að hann hafi orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni vegna afhendingar úttektar E þar sem um var að ræða persónuupplýsingar um viðkvæm málefni hans, m.a. um brot gegn reglugerð nr. 1009/2015, sem afhentar voru B í andstöðu við lög, líkt og málið liggur fyrir, sbr. til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins frá 4. maí 2023 í máli nr. C-300/21 hvað varðar eðli tjóns. Hefur stefndi og engar líkur leitt að því að lögreglustjórinn beri ekki ábyrgð á afhendingunni. Eru þannig uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. 82. gr. reglugerðarinnar um rétt stefnanda til bóta úr hendi stefnda fyrir ófjárhagslegt tjón.
103. Hins vegar verður fallist á með stefnda að eftirfarandi meðferð á úttektinni í kjölfar afhendingar hennar til B, sem virðist af gögnum málsins hafa verið afhent fjölmiðlum og fól í sér frekari vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, geti ekki talist fyrirsjáanleg og þannig á hennar ábyrgð, sbr. 3. mgr. 82. gr. reglugerðarinnar. Á stefnandi því ekki rétt til bóta fyrir ófjárhagslegt tjón á þeim grunni, sbr. og til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 11/2016. Um fjárhæð miskabóta er fjallað í F-hluta forsendna dómsins.

F

104. Líkt og rakið er í D- og E-hlutum forsendna dóms þessa hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi eigi rétt til miskabóta úr hendi stefnda, annars vegar vegna brots hans á 19. gr. laga nr. 70/1996 vegna ákvörðunar um breytingu á störfum og verksviði stefnanda 16. október 2023 og hins vegar sökum afhendingar á úttekt E til B í andstöðu við 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. og 9. gr. persónuverndarreglugerðarinnar, svo sem þar nánar greinir. Rétturinn til bóta vegna fyrra tilviksins er reistur á b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 en sá síðari á grundvelli 82. gr. persónuverndarreglugerðarinnar. Bætur fyrir ófjárhagslegt tjón þykja í ljósi atvika málsins hæfilega ákvarðaðar samtals 2.000.000 króna.
105. Stefnandi krefst þess að fjárkrafa hans beri vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. október 2023 til þingfestingardags en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi mótmælir hvorki vaxtakröfum stefnanda né upphafstíma þeirra sérstaklega. Verður af þeim sökum fallist á að fjárkrafan beri vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 16. október 2023 til 3. september 2024 en dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags.

G

106. Rétt þykir í ljósi atvika og niðurstöðu málsins að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sem ákvarðaður er með hliðsjón af efni og umfangi málsins svo sem nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.
107. Reimar Snæfells Pétursson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Soffía Jónsdóttir lögmaður fyrir stefnda.
108. Sindri M. Stephensen, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákvörðun lögreglustjórans á [...] frá 16. október 2023 um breytingu á störfum og verksviði stefnanda, A, er ógilt.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. október 2023 til 3. september 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.600.000 krónur í málskostnað.